

Minnisblað

Árósarsamningurinn og íslenskt réttarfar

Vegna þingsályktunartillögu um fullgildingu Árósarsamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum gerir þjóðréttarskrifstofa utanríkisráðuneytisins eftirfarandi athugasemdir vegna álitafna um samþýðanleik samningsins við íslensk réttarfarslög:

1. Í 9. gr. samningsins segir að einstaklingar skuli hafa aðgang að réttlátri málsmeðferð og endurskoðunarleið fyrir dómstólum eða öðrum óháðum aðilum, sbr. 2. mgr. Síðan er skilgreint hvað teljist vera nægjanlegir hagsmunir í skilningi greinarinnar og hvenær talið sé að gengið hafi verið á rétt skuli ákvarðast í samræmi við skilyrði landslaga. Síðan segir orðrétt í 3. mgr.: „Í þessu augnamiði skulu hagsmunir sérhverra frjálsra félagasamtaka sem uppfylla þau skilyrði sem vísað er til í 5. mgr. 2. gr. taldir vera nægjanlegir með tilliti til a-liðar hér að framan.”

2. Samanburður á 9. gr. samningsins og 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði leiðir í ljós að ákvæðin eru ósamþýðanleg. Í 25. gr. eml kemur fram það meginskilyrði íslensks réttarfars að dómstólar verði ekki spurðir svokallaðra lögspurninga (sbr. 1. mgr.) og jafnframt að sóknaraðili skuli hafa lögvarða hagsmuni af dómsmáli (sbr. 2. mgr.).

3. Sú niðurstaða að ákvæðin séu ósamþýðanleg réttarfarslögum verður ennþá skýrari þegar 5. mgr. 2. gr. samningsins er skoðuð. Þar segir að almenningur sem málið varðar sé sá almenningur sem verður fyrir eða líklegt er að verði fyrir áhrifum af eða á hagsmuna að gæta við ákvarðanatöku í umhverfismálum. Síðan segir: „[H]vað varðar þessa skilgreiningu skulu frjáls félagasamtök, er stuðla að umhverfisvernd og uppfylla kröfur samkvæmt landslögum af einhverju tagi, teljast eiga hagsmuna að gæta.”

4. Ef til þess kæmi að íslenskum réttarfarslögum yrði breytt í samræmi við 9. gr. samningsins myndi það þýða byltingu fyrir íslenskra dómstóla hvað varðar aðild að dómsmálum. Þær kröfur hafa verið óbreyttar um langa tíð og ótækt er að breyta þeim þar sem það myndi hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér. Í það minnsta verður að skoða málið mjög vel og réttarfarsnefnd að leggja blessun sína yfir slík.

5. Viðbrögð dómsmálaráðuneytisins eru þau að ákvæði samningsins um aðild frjálsra félagasamtaka, sem vikið er að hér að ofan, séu ekki í samræmi við íslensk réttarfarslög. Einnig að ekki er vitað hvernig slík lagabreyting gæti verið orðuð og því verður að fresta afgreiðslu málsins.

6. Niðurstaða.

Ótækt er að samþykkja þingsályktunartillögu til fullgildingar samningnum þegar ljóst er að lög fullnægi ekki ákvæðum hans. Með því væri Ísland að gerast brotlegt að þjóðarétti, og það vísvitandi. Hins vegar það sem meira máli skiptir í þessu sambandi er það álitamál hvort það sé mögulegt að breyta lögum og skapa þannig skilyrði fyrir því að staðið verði við samningsskuldbindingar. Á meðan það er óljóst verður að fresta afgreiðslu málsins.